

1. Fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.
Fundurinn var haldinn kl 17:00 þann 6. ágúst 2018 á skrifstofu Hrunamannahrepps.

Mætt til fundar voru: Jón Valgeirsson sveitarstjóri, Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti, Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir ritaði fundargerð, Sigfrið Lárusdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason, Marta Hjaltadóttir afboðaði komu sína. Formaður bauð alla velkomna og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staða, verkefni og horfur umhverfismála
 2. Grendargámasvæði við Langholt
 3. Njóli og kerfill
 4. Skipunarbréf
 5. Önnur mál
1. Jón fór yfir stöðu umhverfismála hér í sveit, uppsveitum og á Suðurlandi. Einnig kynnti hann verkefni sem hann hefur verið að vinna að í samstarfi við Sorpstöð Suðurlands, KALKA, Sorpu og Sorpurðun Vesturlands.
- Fundarmönnum var öllum ljóst að mikilvægt er að leita leiða til að meðhöndla úrgang á hagkvæman og umhverfisvænan hátt í samstarfi við sveitarstjórn og vera stefnumótandi í umhverfismálum. Leita leiða og finna útgangspunkt um hvar og hvernig best er að byrja á að flokka sorp betur á heimilum í sveitinni og hjá fyrirtækjum. Einnig að leita leiða til að gera það á hagkvæman hátt og í samstarfi við íbúa. Allir voru sammála að byrja á því sem fyrst.
- Farið var yfir mikilvægi á að halda aðalgáma og úrgangsvæðinu aðgengilegu og snyrtilegu, bæta útlit á gámum í sveitinni og merkingum á þeim. Setja skilti við grendargáma um flokkun og opnunartíma á úrgangssvæðinu.
2. Nefndinni leggur til að fjarlægja ruslagáminn sem er við Langoltsfjall sökum mjög slæmrar umgengni um hann. Leggur nefndin til að í staðinn verði sett upp upplýsingarskilti um hvar gáma er að finna og opnunartíma á aðalgámasvæði og fjölga þá gámum við Stóru-Laxá og merkja þá vel þar sem einungis almennt heimilissorp má fara í gámana. Huga mætti að setja blátunnu einnig á svæðið.
3. Ágangur af njóla og kerfli hefur mikið aukist í sveitinni. Leggur nefndin til að Hrunamannahreppur hefji eyðingu á þeim á því svæði sem hreppurinn hefur til umráða og einnig hvetur nefndin íbúa og fyrirtæki að aðstoða við þá baráttu að halda þessu illgresi niðri með að eyða honum á þeirra svæði eða hvar sem er fólk kemst í tæri við þetta illgresi.
4. Rætt var um skipunarbréf nefndarinnar og kom þar fram að endurskoða þarf það til að gefa skýra og góða mynd hvernig störf nefndarinnar eiga að fara fram
5. Halldóra og Jón bentu á að innan skamms er pressugámur fyrir plast væntanlegur á gámasvæðið þar getur fólk komið með plast í pressu og þar með minnkað umfangið á plastinu. Einnig er fyrir pressugámur fyrir pappír og hvetur umhverfisnefnd fyrirtæki og íbúa til að nýta sér þá aðstöðu sem er til staðar á aðalgámasvæði

Jón bauðst til að hafa samband við Stefán Gíslason, umhverfisfræðing, og fá hann á fund með nefndinni til að fara yfir hvernig önnur sveitarfélög hafa unnið að sorpmálum og hvað hann telji skynsamlegast að gera. Var það samþykkt að fá hann til fundar sem fyrst og hafa varamenn einnig á fundinum

Fleira ekki tekið fyrir, fundi var slitið kl.19:00
Valdís Magnúsdóttir